



Janúar 2024

HVATARBLAÐIÐ

Porrablót 2024

2. febrúar 2024

Félagsheimilinu Borg

Húsið opnar kl 19:30

Borðhald hefst kl 20:00



Miðapantanir í síma 846-1935 Anna Margrét
eða á netfangið thorrablot.hvot@gmail.com

Miðaverð er 12.000 kr. og þarf að vera búið að
greiða miðann fyrir 26.janúar 2024

Guðrún Árný og Greddi rokk sjá um að skemmta
okkur fram á rauða nótt.

Porrakóngurinn í Múlakaffi sér um þorramatinn, einnig
verður í boði steik og Veganréttir.

Barinn verður **ekki** opinn.

Hlökkum til að sjá ykkur og hafa gaman.

Nefndin.



JP Verk ehf.

Jarðvinnuverktaki

JTVERKEHF@GMAIL.COM

Jóhannes 848-1123 &

Guðmundur 868-4115



Tökum að okkur
STÓR og smá verk:

jarðvinnu -
tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.



Til sölu kjötfars ca. 600 gr. á 500 kr.
Bjúgu á 1.000 kr

netfang storihs55@gmail.com

Sími 8972686

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Þriðjudaga 15:00 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Fimmtudaginn 4. janúar frá 19:30 til 21:30

Þriðjudaginn 9. janúar frá 19:30 til 21:30

Handverkskvöld

Fimmtudaginn 25. janúar frá kl. 19:30 til 21:30

Komum saman 60+

ÞANN 23. JANÚAR KLUKKAN 20:00

VERÐUR OPIÐ HÚS Í

FÉLAGSHEIMILINU BORG FYRIR ÖLL

60 ÁRA OG ELDRI. ÞETTA ER

ÓFORMLEG SAMVERA ÞAR SEM HÆGT

ER AÐ KOMA OG HITTA AÐRA, SINNA

HANNYRÐUM, SPILA OG SPJALLA. ALLT

EFTIR ÁHUGA HVERS OG EINS. KAFFI

VERÐUR Í BOÐI OG GAMAN EF FÓLK

KÆMI MED EITTHVAÐ SMÁRÆÐI Í

SAMEIGINLEGT SNARL.



Eldri borgarar athugið

Frá og með 1. janúar 2024 kostar máltíð í mötuneyti sveitarfélagsins fyrir alla íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu fædda 1957 og fyrir 450.- krónur.

Áfram verður í boði að kaupa máltíð fyrir maka á 1.350.- krónur.

Þeir sem ætla að nýta sér hádegisverðinn þurfa að láta skrifstofu sveitarfélagsins vita fyrir fyrsta skiptið þannig að hægt sé að skrá fólk í rafrænt kerfi sem notast er við. Eftir það þarf einungis að skrá kennitölu í spjaldtölvu sem er á gangi á milli skóla og félagsheimilis. Í lok hvers mánaðar er svo sendur rafrænn reikningur.

Notkun matarmiða verður lögð niður samhliða þessari breytingu.

Eins og áður hefst hádegisverðurinn kl. 11:30 og ekki er nauðsynlegt að skrá sig heldur nóg að mæta.

Sveitarstjórn



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Sveitarstjórn 559. fundur 06. desember 2023
kl. 09:00–11:32
Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Ása Valdís Árnadóttir oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð, engar athugasemdir voru við boðun fundarins.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 14. fundar Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. nóvember 2023.

Mál nr. 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 14. fundar Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 21. nóvember 2023.

Mál nr. 2; Gjaldskrá leikskóla.

Gjaldskrá var síðast breytt í heild sinni árið 2020. Hún hefur síðan tekið hóflegum hækkunum síðan þá hvert ár. Í dag er boðið upp á val um 4-8 tíma í vistun.

Það er markmið nefndarinnar að verðskráin hvetji til styttri dvalartíma barna í leikskólanum.

Formaður leggur til eftirfarandi gjaldskrárbreytingar:

Vistun til 14:00 5.000

Vistun til 14:30 14.000

Vistun til 15:00 15.500

Vistun til 15:30 17.700

Vistun til 16:00 19.700

Samfara þessu er tekin út sá möguleiki að 3 eða fleiri geti fengið lengdan opnunartíma (korterí fyrir og korterí eftir). Ekkert barn er í lengri vistun en 8

tímar og ekki hefur verið óskað eftir því í töluverðan tíma. Nefndin samþykkir samhljóma að leggja þessar breytingar til við sveitarstjórn. Sveitarstjórn þakkar fyrir tillögurnar og vísar þeim inn í umræður um fjárhagsáætlun.

Mál nr. 3; Erindi frá starfsfólki leikskólans.

Starfsfólk leikskólans sendi erindi á nefndina þar sem að óskað var eftir því að skóladagatöl leik og grunnskóla yrðu samræmd til að bregðast við erfiðleikum vegna styttingar vinnuvikunnar og annarra þátta. Eftir nokkra umræðu var óskað eftir því að stjórnendur tækju saman sviðsmyndir fyrir næsta fund til að nefndin fengi betri yfirsýn yfir vandamálið og mögulegar lausnir. Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Nefndin leggur til að fyrirkomulag um opnun leikskólans milli jóla og nýárs verði með sama hætti og undanfarið. Foreldrum verður áfram boðið upp á að fella niður leikskólagjöld á tímabilinu gegn því að skrá barn í frí á milli jóla og nýárs. Lágmarksfjöldi skráðra barna í leikskólanum á milli jóla og nýárs skal vera þrjú til að skólinn haldist opinn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leikskóladeild Kerhólsskóla skuli vera opin alla virka daga um jól, páska og vetrarfrí út þetta kjörtímabil.

Leikskólagjöld verða felld niður vegna virkra daga í jólafrí, páskafrí og vetrarfrí grunnskóladeildar Kerhólsskóla vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma enda hafi foreldrar eða forráðamenn sótt um niðurfellingu, á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá Kerhólsskóla. Lágmarksfjöldi skráðra barna í leikskólanum skal vera þrjú til að leikskóladeild haldist opin á viðkomandi dögum.

b) Fundargerð 14. fundar Atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 29. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 14. fundar Atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 9. október 2023.

c) Fundargerð 15. fundar Atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 29. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 15. fundar Atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 29. október 2023.

d) Fundargerð 270. fundar Skipulagsnefndar UTU, 29. nóvember 2023.

Mál nr. 13, 14, 15, 16, 17 og 29 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 270. fundar Skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 29. nóvember 2023.

Mál nr. 13; Hólabraut 8 (L169200); byggingarheimild; sumarbústaður – 2311047.

Móttekin er umsókn um byggingarheimild fyrir 47,9 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Hólabraut 8 L169200 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umsókn um byggingarheimild fyrir viðkomandi sumarbústað og að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

svæðisins nú einnig hnitsett og gert ráð fyrir stofnun landsins sem kemur upphaflega úr landi Minni-Borgar L168263. Allar lóðir innan svæðisins eru nú hnitsettar og afmarkaðar. Við upphaflega skráningu á núverandi stærðum lóðanna innan svæðisins var bætt við hlutdeild viðkomandi lóðar í sameignarsvæðinu en með nýrri mælingu er sú hlutdeild ekki tekin með í stærð lóðanna. Fyrir liggur samþykki frá öllum lóðarhöfum innanskipulagssvæðisins að Furuborgum ásamt lóðarhafa lóðarinnar Lækjarbraut 2A sem staðsett er utan deiliskipulagsins en er nú tekin sem hluti af svæðinu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afmörkun og stofnun sameignarlandsins og afmörkun lóða innan þess skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið samhljóða. Að mati sveitarstjórnar skal unnið að heildarendurskoðun deiliskipulags svæðisins á grundvelli framlagðrar hnitsetninga.

Mál nr. 15; Kringla 2 L168259; Kringla 2A; Stofnun lóðar – 2311051.
Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar úr upprunalandi Kringlu 2 L168259. Samkvæmt lóðablaði er lóðin 16.738 fm að stærð og fær hún staðfangið Kringla 2A. Innan lóðarinnar eru tvö gestahús sem eru í byggingu og færast skráning þeirra yfir á nýju lóðina. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 16; Vaðnes L168289; Vegagerð 4. Áfangi; Framkvæmdaleyfi – 2311059.
Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar á grundvelli deiliskipulags fyrir 4. Áfanga frístundabyggðar í landi Vaðnes. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda gildandi deiliskipulags fyrir svæðið. Sveitarstjórn mælist til þess að umsækjandi geri grein fyrir því með hvaða hætti efnistöku verði háttað við framkvæmdina.

Mál nr. 17; Ásgarður í Grímsnesi; Frístundasvæðið Borgargil, Giljatunga 8 L216344; Breytt byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2311075.
Lögð er fram beiðni um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðis í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að hámarksbyggingarmagn innan lóðar sem skilgreint er 150 fm verði fellt út úr skipulagi og að byggingarmagn verði þess í stað bundið við hámarksnýtingarhlutfall 0,03. Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins samhljóða. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. Mgr. 43. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Sveitarstjórn mælist til þess að málið verði sérstaklega kynnt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 29; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 23-195 – 2311002F.
Lögð er fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-195.

e) Fundargerð 13. fundar seyrustjórnar, 28. nóvember 2023.
Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð 13. fundar seyrustjórnar sem haldinn var 28. nóvember 2023.

Mál nr. 1; Fjárhagsáætlun 2024.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 lögð fram til samþykktar. Fyrir liggur að stefnt er að yfirfærslu á vrkefninu til UTU um áramótin 2023/2024 og þá færast rekstur seyruverkefnisins inn í rekstur UTU bs. Ljóst er að forsendur fjárhagsáætlunar geta breyst á árinu 2024 við flutning starfseminnar. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun samhljóða.

f) Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, 22. nóvember 2023.
Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð stjórnar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem haldinn var 22. nóvember 2023.

Mál nr. 1; Fjárhagsáætlun ársins 2024.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna fyrir árið 2024. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.

g) Fundargerð 1. fundar vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnessýslu, 29. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. fundar vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnessýslu sem haldinn var 29. nóvember 2023.

h) Fundargerð byggðapróunarfulltrúa og ferðamálafulltrúa með oddvitum í Uppsveitum Árnessýslu, 7. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð byggðapróunarfulltrúa og ferðamálafulltrúa með oddvitum í Uppsveitum Árnessýslu sem haldinn var 7. nóvember 2023.

i) Fundargerð haustfundar Héraðsnefndar Árnesinga, 10. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð haustfundar Héraðsnefndar Árnesinga sem haldinn var 10. október 2023.

j) Fundargerð 104. fundar stjórnar UTU, 14. nóvember 2023.

Mál nr. 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð 104. fundar stjórnar UTU sem haldinn var 14. nóvember 2023.

Mál nr. 2; Seyruverkefnið – 2311044

Lögð fram bókun frá seyrustjórnarfundi sem haldinn var 30. október s.l. þar sem samþykkt er að færa rekstur seyruverkefnisins inn í byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að færa seyruverkefnið undir UTU.

Mál nr. 3; Fjárhagsáætlun UTU – 2310019

Önnur umræða um fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2024. Sveitarstjórn samþykkir framlagði fjárhagsáætlun samhljóða.

k) Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árneseinga, 10. nóvember 2023. Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árneseinga sem haldinn var 10. nóvember 2023.

Mál nr. 1; Húsaleigusamningur milli Héraðsskjalasafns Árneseinga og Sveitarfélagsins Árborgar.

Endurnýjun á húsaleigusamningi milli Héraðsskjalasafns Árneseinga og Sveitarfélagsins Árborgar vegna leigu á húsnaði á jarðhæð og í kjallara að Austurvegi 2 á Selfossi.

Sveitarstjórn samþykkir húsaleigusamninginn samhljóða.

l) Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands, 27. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands sem haldinn var 27. október 2023.

m) Fundargerð 322. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 27. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 322. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands sem haldinn var 27. október 2023.

n) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs., 27. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs., sem haldinn var 27. október 2023.

o) Fundargerð 232. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 27. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 232. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem haldinn var 27. nóvember 2023.

p) Fundargerð aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 26. og 27. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var dagana 26. og 27. október 2023.

q) Fundargerð 603. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 10. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 603. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 10. nóvember 2023.

r) Fundargerð 67. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 22. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 67. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 22. nóvember 2023.

s) Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 12. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 12. nóvember 2023.

t) Fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 24. nóvember 2023.

2. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2024.

Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2024.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrá og álagningu gjalda vegna ársins 2024. Við mat á útsvarstekjum var stuðst við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, upplýsingar úr bókhaldi sveitarfélagsins og íbúapróun.

Útsvarsprósenta er sú sama og árið 2023 eða 12,66%. Fasteignaskattur er byggður á upplýsingum um álagningastofn frá Þjóðskrá Íslands og prufukeyrslu úr Fasteignaskrá. Álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki A, er 0,46% en lækkar í 0,45% fyrir árið 2024 og álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki C verður óbreytt 1,65%. Að jafnaði eru hækkunarir á gjaldskrá sveitarfélagsins í samræmi við verðlagspróun.

Áætlaðar tekjur vegna framlags til farsældar barna eru 4mkr úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

1. Útsvarshlutfall árið 2024 verði óbreytt 12,66%.

2. Fasteignaskattur A, 0,45% af fasteignamati á íbúðarhúsnaði, bílageymslur, geymsluhúsnaði, lönd og útihús í landbúnaði og frístundahús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur af fasteignaskatti fer samkvæmt reglum um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2024 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 4.212.705	Allt að 6.338.535	100%
Milli 4.212.706 - 4.919.460	Milli 6.338.536 - 7.290.150	75%
Milli 4.919.461 - 5.620.650	Milli 7.290.151 - 8.258.460	50%
Milli 5.620.651 - 6.321.840	Milli 8.258.461 - 9.215.640	25%

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 8 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. október.

3. Seyra.

Kostnaður við seyrhrensun verður kr. 15.572,- á hvert íbúðarhús, frístundahús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Beiðni um aukalosanir skulu ávallt fara í gegnum þjónustufulltrúa seyruverkefnis.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hrensun kr. 42.972,- ásamt kr. 583,- þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 102.661,- ásamt kr. 583,- þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,27% af fasteignamati húss. Hámarksálagning verði kr. 57.558,- á íbúðarhús.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 283.979,-.

4. Sorp.

Heimilissorp frá íbúðarhúsnæði skal flokkað í fjóra flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir grunneiningu íláta.

Grunneiningin er samsetning fjögurra íláta: 240 lítra tunna undir blandaðan úrgang, 240 lítra tunna undir pappír og pappa, 240 lítra tunna undir plast og 240 lítra tunna undir lífúrgang.

Ílátastærðir og verð fyrir íbúðarhús:

Blandaður úrgangur, tunna 240L 36.900,- kr.

Lífúrgangur, tunna 240L 9.900,- kr.

Pappi og pappír, tunna 240L 4.900,- kr.

Plast, tunna 240L 4.900,- kr.

Blandaður úrgangur 660L ílát 79.900,- kr.

Fastur kostnaður/rekstur grenndar- og gámastöðva/meðhöndlun úrgangs:

Gjald vegna reksturs gámasvæðis og annar fastur kostnaður 11.130,- kr.

leggst á íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði.

Gjald vegna reksturs grenndarstöðva 14.310,- kr. leggst á frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta.

Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli 14.320,- kr.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að innheimta breytingargjald vegna breytinga á skráningu íláta að fjárhæð kr. 3.500,-.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, fyrirtæki fá

afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi kr. 5.000,-.

Íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu greiðir gjald vegna reksturs grenndarstöðva til viðbótar við gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsettt er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ 6.500,- kr.

5. Gjaldskrá vatnsveitu:

Vatnsgjald eigna í fasteignaskattflokki A, lögbýli/einbýlishús, verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Hámarksálagning verði kr. 53.000 á hverja eign/hús.

Vatnsgjald eigna í fasteignaskattflokki A í skipulagðri frístundabyggð verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 68.900,- og lágmarksálagning verði kr. 37.100,- á hús.

Vatnsgjald eigna í fasteignaskattflokki C verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 180.200,- á hverja eign/hús.

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu í janúar ár hvert og er uppfært einu sinni á ári, miðað við byggingarvísitölu í janúar 2023, grunn 2021 sem var 112,7.

Þvermál rörs	Lágmarksgjald verð pr.m.	umfram 30 m.
--------------	--------------------------	--------------

20 mm	480.000,- kr.	2.200,- kr.
-------	---------------	-------------

25 mm	500.000,- kr.	2.600,- kr.
-------	---------------	-------------

32 mm	540.000,- kr.	3.000,- kr.
-------	---------------	-------------

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfrú dýpi frá tengistað vatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu. Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn. Ef heimtaug er lengri en 30 metrar bætist við yfirlengdargjald á hvern metra. Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 32 mm er reiknað út hjá vatnsveitunni í hverju tilfelli fyrir sig.

Miðað er við að heimtaug í íbúðarhús sé 32 mm.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða að lágmarki kr.

795.000 kr. en miðað er við allt að 200 m heimæð. Reikna þarf umframkostnað í hverju tilviki fyrir sig en landeigandi greiðir þann viðbótarkostnað sem hlýst af tengingu veitu að býli. Miðað er við að heimtaug sé 32 mm og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 37.100,-.

Fyrir nýskipulagða frístundabyggð og/eða landbúnaðarlóðir (L3) sem tengja skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 106.000,- fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 17.113 án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

6. Gjaldskrá hitaveitu:

Gjaldskrá hitaveitu hækkar um 10% og verður eftirfarandi.

gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er þannig:

Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði er kr. 3.674,-.

Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald.

Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 167.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 11.021,- á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.672,- kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20 2.391,- kr.

C3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.954,- kr.

C4 Stærð mælis/hemils DN 32 3.524,- kr.

C5 Stærð mælis/hemils DN 40 4.092,- kr.

C6 Stærð mælis/hemils DN 50 5.600,- kr.

Stofngjöld:

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 892.812,- og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 340,- kr/m³.

Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 518.990,- og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 340,- kr/m³.

Fyrir frístundahús er stofngjaldið kr. 892.812,-.

Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 133.239,-.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða kr. 6.685,- fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

Önnur gjöld:

Lokunargjald verður kr. 25.033,- og auka álestur kr. 11.780,-.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 20.423,- án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli.

6. Lóðaleiga, verði óbreytt 1% af lóðamati.

7. Gatnagerðargjöld.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á, sbr. 4. gr. laga um gatnagerðargjald. Álagning gatnagerðargjalds er mismunandi eftir húsgerð/notkun fasteignar.

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Húsgerð	Hlutfall
Einbýlishús	10,50%
Parhús	9,50%
Raðhús	9,00%
Fjölbýlishús	6%
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	5,50%
Iðnaðarhúsnæði	5,20%
Hesthús	2%
Gróðurhús o.fl. tengt landbúnaði	2%

*Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 580,2 stig í janúar 2013.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (181.006,- kr./m², byggingarvísitala 580,2 stig fyrir janúar 2013).

8. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg, verður óbreytt og eftirfarandi:

Sund:	fullorðnir, 18-66 ára	börn, 10-17 ára
Stakt skipti	1.100,- kr.	500,- kr.
10 miða kort	6.500,- kr.	2.700,- kr.
30 miða kort	16.000,- kr.	7.000,- kr.
Árskort	37.000,- kr.	19.000,- kr.

Þreksalur:

Stakt skipti 1.600,- kr.

10 miða kort 11.500,- kr.

30 miða kort 22.500,- kr.

Árskort 37.000,- kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín. 1.600,- kr.

Barn – 60 mín. 800,- kr.

Hálfur dagur 12.500,- kr.

Heill dagur 22.500,- kr.

Sturta 750,- kr.

Leiga á sundfatnaði 750,- kr.

Leiga á handklæði 750,- kr.

Handklæði og sundföt 1.100,- kr.

Börn 0-9 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund, þreksal og íþróttasal.

9. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla:

Gjaldskrá dagvistunargjalda verður eftirfarandi:

4 klst. vistun	8.270,- kr.
4,5 klst. vistun	9.215,- kr.
5 klst. vistun	10.339,- kr.
5,5 klst. vistun	11.373,- kr.
6 klst. vistun	12.407,- kr.
6,5 klst. vistun	14.025,- kr.
7 klst. vistun	15.642,- kr.
7,5 klst. vistun	17.260,- kr.

8 klst. vistun 18.879,- kr.
8,5 klst. vistun 24.451,- kr.

Gjald fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur umfram umsaminn vistunartíma í leikskóla er kr. 700,-
Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur dagvistunargjalda er samtengdur systkinaafslætti frístundar.
Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.
Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

10. Gjaldskrá frístundar:

Gjaldskrá frístundar verður eftirfarandi:

Hver klukkustund 352,- kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur frístundar er samtengdur systkinaafslætti dagvistunargjalda.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

Gjald fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur umfram umsaminn vistunartíma í frístund er kr. 700,-

11. Gjaldskrá mötuneytis:

Gjaldfrjálst er fyrir nemendur Kerhólsskóla og notendur frístundar í mötuneyti Kerhólsskóla. Um gjald fyrir hádegismat starfsmanna fer samkvæmt skattmáti á fæðishlunnindum hverju sinni.

Hádegisverður, eldri borgarar 450,- kr.

Hádegisverður, kostgangarar 1.350,- kr.

12. Gjaldskrá bókasafns:

Gjaldskrá bókasafns verður eftirfarandi:

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500,- kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000,- kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30,- kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50,- kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlánsþing glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

3. Fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps vegna ársins 2024, síðari umræða.

	2024	2025	2026	2027
Tekjur	1.783.618	1.855.757	1.947.286	2.037.588
Gjöld	1.327.083	1.404.075	1.477.255	1.550.755
Fjármagnsgjöld	(95.115)	(78.357)	(66.583)	(61.618)
Rekstrarafgangur	236.919	241.780	258.329	272.328
Eignir	3.311.754	3.499.898	3.688.386	3.880.996
Skuldir	1.511.061	1.457.425	1.387.583	1.307.866
Eigið fé og skuldir samtals	3.311.754	3.499.898	3.688.386	3.880.996
Fjárfestingar	597.758	372.773	474.193	187.596
Gert er ráð fyrir lántökum vegna fjárfestinga að einhverju leyti á árunum 2024-2025.				
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2024-2027.				

4. Gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, seinni umræða.

Fyrir liggur uppfærð gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps vegna ársins 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi gjaldskrá.

5. Tilboð í fyrsta áfanga gatnagerðar í Vesturbyggð.

Fyrir liggur fundargerð frá opnunarfundum tilboða í verkið „Vesturbyggð 1. áfangi“ sem haldinn var þann 16. nóvember 2023.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Leiðrétt tilboðsupphæð	Hlufall af áætlun
Jarðtækni ehf. og JJ pípulagnir ehf.	185.824.232 kr	80,5%
Borgarverk ehf.	219.191.307 kr	95,0%
Auðverk ehf.	251.497.400 kr	109,0%
Suðurtak ehf.	209.850.250 kr	90,9%
Aðalleið ehf.	224.038.700 kr	97,1%
Smávélar ehf. og Gröfupjónustan		
Hvolsvelli ehf.	227.893.150 kr	98,8%
Kostnaðaráætlun Eflu	230.769.870 kr	100,0%

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga að tilboði lægstbjóðanda, Jarðtækni ehf. og JJ pípulagnir ehf og felur sveitarstjóra að undirrita verksamning.

6. Tilboð í eftirlit og mælingar vegna gatnagerðar í Vesturbyggð.

Fyrir liggur fundargerð frá opnun tilboða í verðkönnun Grímsnes- og Grafningshrepps vegna eftirlits og mælinga vegna gatnagerðar í Vesturbyggð. Eitt tilboð barst í verkið frá Eflu að upphæð 11.803.650 kr, sveitarstjórn samþykkir tilboðið samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita verksamning.

7. Tilboð í borun í vinnsluholu í Vaðnesi.

Vegna áframhaldandi uppbyggingar og þar sem aukin þörf er á heitu vatni í sveitarfélaginu var óskað eftir tilboðum í borun vinnsluholu í grennd við núverandi vinnsluholu í Vaðnesi. Leitað var tilboða hjá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða og Borlausna. Borlausnir voru með lægra tilboðið og komast fyrr í verkið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að semja við Borlausnir og felur sveitarstjóra að undirrita verksamning.

8. Bréf frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Sigrúnu Guðmundsdóttur framkvæmdarstjóra dagsett 29. nóvember 2023 vegna fráveitumannvirkja í þéttbýli. Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um stöðu fráveitumannvirkja. Fyrir liggur að öll fráveitumannvirki innan þéttbýlis í Grímsnes- og Grafningshreppi hafa starfsleyfi og samþykkir sveitarstjórn að fela umsjónarmanni framkvæmda og veitna að svara erindinu.

9. Neðan-Sogsvegur 14 (L169341); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður, breytt notkun í gestahús - 2212091

Lögð fram að nýju umsókn Páls Gunnlaugssonar, fyrir hönd Kristjáns Arnarssonar og Sifjar Arnarsdóttur, um byggingarheimild fyrir breyttri notkun í gestahús á þegar byggðum 55,6 m² sumarbústaði mhl 01, byggður árið 1960, sem er staðsettur á sumarbústaðalandinu Neðan-Sogsvegur 14 L169341 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 1. nóvember 2023 og er nú tekið fyrir að nýju. Sveitarstjórn bendir á, í takt við fyrri bókanir sínar vegna málsins, að forsenda útgáfu byggingarleyfis fyrir frístundahúsi á viðkomandi lóð á sínum tíma hafi verið niðurrif umræddrar byggingar. Byggði það á þeim forsendum að samkvæmt skilmálum aðalskipulag og gildandi deiliskipulags svæðisins var ekki gert ráð fyrir því að aukahús á lóð gætu verið stærri en 40 fm að stærð. Nú hafa forsendur breyst er varðar heimildir fyrir stærðum aukahúsa á frístundalóðum bæði innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps og innan gildandi deiliskipulags þar sem stærð aukahúss er bundin við nýtingarhlutfall lóða fremur en hámarksstærð. Umrædd bygging var byggð fyrir gildistöku núverandi skipulagslaga og reglugerðar og er staðsett innan við takmarkanir er varðar fjarlægð frá vatnsbakka og fjarlægð frá lóðarmörkum aðliggjandi lóðar. Sökum aldurs hússins hafa núverandi takmarkanir reglugerðar ekki orðið til þess farið sé fram á niðurrif húsa á þeim forsendum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytta skráningu hússins og samþykkir samhljóða að falla frá fyrri ákvörðun um niðurrif hússins á grunni fyrrgreindra breyttra forsenda gagnvart stærðum aukahúsa á frístundalóðum. Sökum

forsögu málsins og staðsetningar hússins mælist sveitarstjórn til þess að breytt skráning hússins verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum sem hugsanlegra hagsmuna hafa að gæta vegna fjarlægðar hússins að sameiginlega lóðamörkum.

10. Erindi frá Hjálparsveitinni Tintron vegna brennu og flugeldasýningar.

Fyrir liggur beiðni frá Hjálparsveitinni Tintron um brennu- og skoteldaleyfi fyrir áramótabrennu og flugeldasýningu á Borg þann 31. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita brennu- og skoteldaleyfi.

11. Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands, síðari umræða.

Lagðar fram til staðfestingar uppfærðar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands til síðari umræðu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samþykktir.

12. Áskorun til Strætó bs.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skorar á Strætó að breyta ferðum sínum í gegnum sveitarfélagið og útbúa stoppstöð við Sólheima. Á Sólheimum búa um 100 manns og þar eru að jafnaði mikill fjöldi erlendra sjálfboðaliða sem myndu nýta strætó. Jafnframt er töluvert af starfsfólki sem vinnur vaktavinnu og býr ekki á staðnum sem myndi nýta sér strætó til að komast til og frá Sólheimum. Á Sólheimum og þar í kring búa einnig framhaldsskólanemar sem gætu þá einnig nýtt sér ferðir strætó.

13. Bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna endurnýjunar undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.

Fyrir liggur bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, dagsett 15. nóvember 2023 vegna endurnýjunar undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu. Fyrir liggur að verið er að vinna að þessum málum fyrir hönd sveitarfélagsins innan Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. og erindið því lagt fram til kynningar.

14. Fyrirspurn frá innviðaráðuneytinu um lögbundnar nefndir innan sveitarfélaga.

Fyrir liggur erindi frá innviðaráðuneytinu, dagsett 17. nóvember 2023 um lögbundnar nefndir í sveitarfélögum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að svara erindinu.

15. Bréf innviðaráðherra vegna minningardags um fórnarlömb umferðarslysa.

Lagt fram til kynningar.

16. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – Hestur lóð 123, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. nóvember 2023, um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II í Hesti lóð 123, fnr 224-8528.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggjast gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II í Hesti lóð 123, fnr 224-8528 á þeim grundvelli að leyfisveitingin samræmist ekki heimildum gildandi deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn bendir á að heimildir aðalskipulags Grímsnes- og Grafningsshrepps 2020-2032 gera ráð fyrir að gististarfsemi geti verið á frístundasvæðum. Þó er gerð krafa um að gististarfsemi sé skilgreind í skilmálum gildandi deiliskipulags. Heimildir fyrir gististarfsemi innan deiliskipulags eru háðar því að fjöldi bílastæða innan lóðar sé fullnægjandi og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðisins leggist gegn starfseminni við breytingu á deiliskipulagi eða við gerð nýs deiliskipulags.

17. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – Lækjarbrekka 32, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkir samhljóða að fresta málinu.

18. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – Fjallaskáli að Oddsholti 15, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 28. nóvember 2023, um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II í Fjallaskála að Oddsholti 15, fnr 223-2263.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggjast gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II að Oddsholti 15, fnr. 223-2263 á þeim grundvelli að leyfisveitingin samræmist ekki heimildum gildandi deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn bendir á að heimildir aðalskipulags Grímsnes- og Grafningsshrepps 2020-2032 gera ráð fyrir að gististarfsemi geti verið á frístundasvæðum. Þó er gerð krafa um að gististarfsemi sé skilgreind í skilmálum gildandi deiliskipulags. Heimildir fyrir gististarfsemi innan deiliskipulags eru háðar því að fjöldi bílastæða innan lóðar sé fullnægjandi og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðisins leggist gegn starfseminni við breytingu á deiliskipulagi eða við gerð nýs deiliskipulags.

19. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, mál nr. 118/2023.

Lagt fram til kynningar.

20. Ábending frá Jafnréttisstofu til allra sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Lagt fram til kynningar.

21. Beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Lagt fram til kynningar.

22. Beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Lagt fram til kynningar.

23. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 238/2023, „Skilgreining á opinberri grunnþjónustu“.

Lagt fram til kynningar.

24. Beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir). 497. mál.

Lagt fram til kynningar.

25. Beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn um 509. mál – húsnæðisstefna fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028.

Lagt fram til kynningar.

26. Beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um 73. mál – Sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).

Lagt fram til kynningar.

27. Viðauki við fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningsshrepps 2023.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2023. Um er að ræða lækkun á heildarfjárfestingu ársins og hækkun á rekstrarkostnaði við málaflokk 04 - Fræðslu- og uppeldismál.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 11:32.



560. fundur 18. desember 2023 kl. 15:00 - 16:27
Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Ása Valdís Árnadóttir oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð, engar athugasemdir voru við boðun fundarins.

Oddviti leitar afbrigða

Samþykkt samhljóða

a) Niðurstöður verðkönnunar, íþróttamiðstöð á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi, jarðvinna.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 16. fundar Atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 16. fundar Atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 16. nóvember 2023.

b) Fundargerð 40. fundar Fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. desember 2023.

Mál nr. 7 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 40. fundar Fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 4. desember 2023.

Mál nr. 7; Reikningur frá Björk

Reikningur barst frá Björk vegna smölunar á fé sem fór inn fyrir girðingu í landi Bjarkar.

Fjallskilanefnd hafnar reikningnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir skriflegum rökstuðningi frá fjallskilanefnd vegna ákvörðunarinnar.

c) Fundargerð 41. fundar Fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. desember 2023.

Mál nr. 2 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 41. fundar Fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 11. desember 2023.

Mál nr. 2; Tillögur Fjallskilanefndar að styrktarupphæðum vegna fjallskila.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu og óska eftir fundi með Fjallskilanefnd á nýju ári.

d) Fundargerð 271. fundar skipulagsnefndar UTU, 13. desember 2023.

Mál nr. 14, 15, 16, 17, 18 og 31 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 271. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 13. desember 2023.

Mál nr. 14; Minni-Borg golfvöllur ÍP5 og Landbúnaðarsvæði L3; Breytt landnotkun, nýtt íþróttasvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Borg; Aðalskipulagsbreyting – 2303019.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar á svæði sunnan Þjóðveggar við Þéttbýlið að Borg í Grímsnesi eftir auglýsingu. Breytingin tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði innan núverandi golfvallarsvæðis þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir gistingu auk annarrar þjónustu við notendur golfvallarins. Að auki er skilgreint nýtt íþróttasvæði syðst á svæðinu sem tekur til uppbyggingar á hesthúsasvæði og aðstöðu fyrir hestaíþróttir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar.

Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15; Neðra-Apavatn lóð (L169305); byggingarheimild; geymsla - 2308064.

Fyrir liggur umsókn Sturlu S. Frostasonar, móttekin 17.08.2023, um byggingarheimild fyrir 16,5 m² geymslu á sumarbústaðalandinu Neðra-Apavatn lóð L169305 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli

44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu

grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 16; Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1; Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting – 2303045.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar breytingu á landnotkunarsvæðum innan þéttbýlisuppdráttar fyrir Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi eftir kynningu. Í breytingunni felst endurskoðun afmörkunar og skilmála fyrir ÍB2. Endurskoðun afmörkunar og skilmála M1 og breytt afmörkun aðliggjandi svæða til samræmis við breytta áherslur innan skipulagssvæðisins sem ofangreindir landnotkunarflákar taka til. Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsbreytinga og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna breytingu á landnotkunarsvæðum innan .

Þéttbýlisuppráttar fyrir Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar

Mál nr. 17; Oddsholt F50; Skilgreining byggingaskilmála; Deiliskipulagsbreyting – 2309085.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðis Oddsholts F50 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að skilgreindar eru byggingarheimildir fyrir svæðið. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu og að breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18; Hlauphólar L219058; Gisting flokkur I og II; Deiliskipulagsbreyting – 2312005.

Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis á landi Hlauphóla L219058. Í breytingunni felst að veitt verði heimild til rekstrarleyfis skyldrar starfsemi í formi útleigu á frístundahúsum innan skipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði sérstaklega kynnt hagsmunaaðilum innan svæðisins séu þeir aðrir en umsækjandi.

Mál nr. 31; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-196 – 2311004F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-196.

e) Fundargerð Aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla, 5. desember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð Aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla sem haldinn var 5. desember 2023.

f) Fundargerð 14. fundar stjórnar Brunavarna Árneshóla, 14. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 14. fundar stjórnar Brunavarna Árneshóla sem haldinn var 14. nóvember 2023.

g) Fundargerð 15. fundar stjórnar Brunavarna Árneshóla, 12. desember 2023.

Lögð fram fundargerð 15. fundar stjórnar Brunavarna Árneshóla sem haldinn var 12. desember 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir upplýsingum um það með hvaða hætti verðkönnunin undir lið nr. 2, „Verðkönnun vegna jarðvinnu fyrir tækjageymslu á Laugarvatni“ var framkvæmd og til hvaða aðila var leitað.

h) Fundargerð 16. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneshóla bs., 10. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 16. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneshóla bs., sem haldinn var 10. nóvember 2023.

i) Fundargerð 323. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 4. desember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 323. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands sem haldinn var 4. desember 2023.

j) Fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 9. október 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands sem haldinn var 9. október 2023.

k) Fundargerð 4. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 13. nóvember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 4. fundar Markaðsstofu Suðurlands sem haldinn var 13. nóvember 2023.

l) Fundargerð 939. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 5. desember 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 939. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 5. desember 2023.

2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags 2023-2024.

Fyrir liggur beiðni frá skrifstofu menntasviðs Reykjanesbæjar um námsvist nemanda utan lögheimilissveitarfélags í grunnskóladeild Kerhólsskóla vorið 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða beiðnina með fyrirvara um að greidd verði sú stuðningsþjónusta sem Kerhólsskóli telur að barnið þurfi.

3. Erindi frá Vottunarstofunni Túni ehf.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ragnari Þórðarsyni starfandi framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Túns, dagsettur 4. desember 2023. Í tölvupóstinum kemur fram að Guðrún Hallgrímsdóttir sem fer með 1,46% hlut í Vottunarstofunni í gegnum félag sitt Sjávarhættir ehf, kveðst ætla að loka félaginu og flytja hlutfjáreign sína á sig persónulega. Þess er óskað að sveitarfélagið staðfesti að viðkomandi muni ekki nýta sér forkaupsrétt sinn skv. 7. gr. samþykktu Vottunarstofunar Túns ehf.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða sveitarfélagið muni ekki nýta sér forkaupsrétt sinn vegna þessara aðstæðna.

4. Erindi frá Ingibjörgu Harðardóttur og Birni Snorrasyni.

Fyrir liggur bréf frá Ingibjörgu Harðardóttur og Birni Snorrasyni, dagsett 12. desember 2023. Í bréfinu er óskað eftir því að upprekstrarréttur fyrir jörðina Björk II í Grímsnesi, landnúmer 201555, verði tekinn af jörðinni frá og með árinu 2024.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt Óskari Sigurðssyni hrl, að vinna málið áfram.

5. Beiðni frá Kvænnaathvarfinu um rekstrarstyrk.

Fyrir liggur bréf frá Brynhildi Jónsdóttur f.h. Samtaka um kvænnaathvarf, dagsett 4. desember 2023 þar sem óskað er eftir styrk til reksturs samtakanna árið 2024 að fjárhæð kr. 200.000.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða styrkja Samtök um kvænnaathvarf um kr. 100.000.

6. Bréf frá Vinum íslenskrar náttúru (VÍN).

Fyrir liggur bréf frá Sveini Runólfssyni, formanni VÍN, dagsett 5. desember 2023. Í bréfinu er farið fram á með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012 að VÍN fái send afrit af umsóknum, meðfylgjandi ræktunaráætlunum og þeim framkvæmdaleyfum sem framkvæmd við skórækt á vegum Skógálfa, á Álfabrekku og Álfaskeiði og aðliggjandi skógrækt á Skógarbrekkum hefur fengið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Vigfúsi Þór Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa að taka saman umrædd gögn og vinna að málinu.

7. Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk milli þriggja ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Arnari Þór Sævarssyni f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 16. desember 2023. Í bréfinu kemur fram að ríki og sveitarfélög hafa undirritað samkomulag um breytingu á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækkar um 0,23% með samsvarandi lækkun tekjuskattsprósentu ríkisins. Þar sem tekjuskattsálagning lækkar um samsvarandi prósentu mun ákvörðunin ekki leiða til þess að heildarálögur á skattgreiðendur hækki.

Breytingar á hámarksútsvari sveitarfélaga taka gildi fyrir árið 2024 og sveitarfélögum verður heimilað að ákvarða útsvar vegna ársins 2024 eigi síðar en 30. desember 2023 og tilkynna það fjármálaráðuneytinu eigi síðar en þann dag, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkir samhljóða að hækka álagningu útsvars sem þessu nemur og verður álagning útsvars fyrir árið 2024 því 12,89%.

8. Sundlaugamenning á skrá UNESCO.

Fyrir liggur bréf frá Vilhelminu Jónsdóttur sérfræðingi á skrifstofu menningar og fjölmíðla í Menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Í bréfinu kemur fram að yfirstandandi sé vinna við tilnefningu sundlaugamenningar á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Leitað er til sveitarfélaga eftir samtali og stuðningi við tilnefninguna.

Sveitarstjórn lýsir yfir einhuga stuðningi við tilnefninguna.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 15. desember 2023 um umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir þorablót í Félagsheimilinu Borg 2. febrúar 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

10. Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 248/2023, „Aðgerðaráætlun – Efling lífrænnar matvælaframleiðslu“.

Lagt fram til kynningar.

11. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 254/2023, „Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar – drög að tillögum verkefnastjórnar“.

Lagt fram til kynningar.

12. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 251/2023, „Áform um frumvarp til laga um vindorku“.

Lagt fram til kynningar.

13. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 247/2023, „Breyting á reglugerð nr. 814/2010, er varðar búningaæstöðu á sund- og baðstöðum“.

Lagt fram til kynningar.

14. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr.258/2023, „Drög að reglugerð um merki fasteigna“.

Lagt fram til kynningar.

15. Umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, umsögn um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi).

Lagt fram til kynningar.

16. Önnur mál

a) Niðurstöður verðkönnunar í verkið „Íþróttamiðstöð á Borg í Grímsnesi. Jarðvinna“.

Fyrir liggur fundargerð frá opnunarfundi tilboða í verkið „Íþróttamiðstöð á Borg viðbygging, Jarðvinna“ sem haldinn var þann 16. desember 2023.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi: Upphæð Hlutfall af kostnaðaráætlun

Fossvélar 9.109.600 kr. 73%

Suðurtak 15.372.900 kr. 123%

JÞ Verk 19.993.302 kr. 160%

Kostnaðaráætlun 12.494.100 kr. 100%

Umsjónaraðili verðkönnunar hefur farið yfir tilboðin og eru þau öll staðfest sem gild tilboð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga að tilboði lægstbjóðanda, Fossvélar og felur sveitarstjóra að undirrita verksamning.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 16:27.



GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU
KÖNNUNNAR OG VÖLU Í
JANÚAR 2024

VIRKIR DAGAR OPIÐ

11:00 TIL 16:00

HELGAR 11:00 TIL 17:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

NÝ OG ENDURBÆTT NETVERSLUN ER KOMIN Í LOFTIÐ.
[HTTPS://VERSLUN.SOLHEIMAR.IS/](https://verslun.solheimar.is/)



**Íþróttamiðstöðin
Borg**

Vetraropnun



Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is